Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

Reykjavík, 21. september 2021
SFS2020040154
217. fundur
HG

Til skóla- og frístundaráðs

Frá Helga Grímssyni, sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs

***Efni: Svar við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins varðandi viðræður við fulltrúa Hjallastefnunnar***

Á 185. fundi skóla- og frístundaráðs, 9. júní 2020, lögðu skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins fram svohljóðandi fyrirspurn:

> *Fulltrúar Sjálfstæðisflokks óska eftir upplýsingum um það hvort að viðræður séu við fulltrúa Hjallastefnunnar um það að opna barnaskóla í húsnæði Kelduskóla Korpu.*

**Svar:**
Frá páskum 2021 hefur Korpuskóli verið nýttur fyrir skólastarf Fossvogsskóla og svo verður a.m.k. til vorsins 2022. Í samtölum við Hjallastefnuna hafa á liðnum misserum komið fram sjónarmið um að fá afnot af húsnæði Korpuskóla fyrir sitt skólastarf en forsvarsmenn Hjallastefnunnar hafa ekki viljað nýta húsnæðið undir sína starfsemi þegar betur hefur verið að gáð.